

Ed.

206. Nefndarálit

[89. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., nr. 30 25. maí 1960.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Með þessu frv. hverfur ríkisstjórnin að því ráði að gefast upp við fyrirætlanir sínar um farmiðaskatt þann, sem hún boðaði í þingbyrjun að á yrði lagður, en taka í þess stað upp $\frac{1}{2}\%$ skatt á allan seldan gjaldeyri bankanna, og er áætlað, að hann gefi ríkissjóði 35 millj. kr. tekjur eða um 10 millj. kr. hærri upphæð en áætlað var að farmiðaskatturinn gæfi.

Þessi nýja skattheimta er sama markinu brennd og aðrar þær skattheimtuleiðir, sem verið er að innleiða nú í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, benzinskatturinn, hækkun auknatekna ríkissjóðs og rafmagnsskatturinn, að hún er til þess eins fallin að auka enn dýrtíð og verðbólguþróun, en leysir raunverulega engan vanda, nema til algerra bráðabirgða. Jafnvel nú, eftir að lagðir hafa verið á almenning nýir skattar, sem nema 200—300 millj. kr., er ekki annað sýnt en að enn verði lagðir á nýir skattar þegar á þessum vetri vegna óhjákvæmilegrar aðstoðar við sjávarútveginn, sem þrátt fyrir heimsmet í aflabrögðum og miklar verðhækkanir á mörkuðum hans er nú svo grátt leikinn af verðbólguþróuninni, að hann þarfnast aukinnar aðstoðar af hálfu hins opinbera.

Síaukin skattheimta af almenningi og þar af leiðandi aukin dýrtíð eru verri úrræði en engin í því efnahagslega öngþveiti, sem stefna núv. ríkisstjórnar hefur skapað. Þess vegna ber Alþingi að fella þetta frv. og önnur af sama tagi, en snúa sér að því verkefni, sem nú er orðið brýnna en nokkru sinni áður, að stöðva verðbólguna, koma á vitlegri hagstjórn, sterkri stjórn á verðlagsmálum og fjárfestingarmálum, sparnaði í ríkisrekstrinum og gerbreyta skattakerfinu í þá átt að gera það að tæki til auðjöfnunar og tekjujöfnunar.

Alþingi, 16. des. 1965.

Björn Jónsson.